

AUGLÝSING

um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

Lerkibýggð 1-3.

Breyting í deiliskipulagi sem tekur til lóðarinnar Lerkibýggð 1-3 og felst í því að byggingarreitir fyrir Lerkibýggð 1-3 er færður nær lóðarmörkum til norðurs sem nemur 1 metra. Í stað 100 m² íbúðarhúss er gert ráð fyrir 120-140 m² íbúðarhúsum. Lóðin er stækkuð til austurs um þríhyrningslaga 357 m² reit þannig að endanleg lóð verður 1.089 m² að stærð. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna 9. nóvember 2016.

Leirvogstunga 24.

Breyting á deiliskipulagi Leirvogstungu. Skipulagsbreytingin felst í því að tvö bílastæði sem staðsett eru norðan við lóðina innan lóðarmarkna eru tekin í burtu ásamt einu bílastæði við götu vestan við lóð. Í staðinn koma þrjú bílastæði innan lóðarmarkna vestan við lóð. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna 9. nóvember 2016.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 11. nóvember 2016,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. nóvember 2016